



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Ráðning í stöðu leikskólastjóra í Klettaborg

Starf leikskólastjóra í Klettaborg var auglýst á vegum Reykjavíkurborgar til umsóknar á vef borgarinnar undir auglýsingum um laus störf og í Fréttablaðinu 14. september 2019 í samræmi við 2. gr. í fylgiskjali 4, um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar í kjarasamningi LN og KÍ vegna FSL. Umsóknarfrestur var til og með 30. september 2019. Ráðið verður í leikskólastjórastöðuna frá og með 1. janúar 2020.

Í auglýsingu var meginhlutverki leikskólastjóra í Klettaborg lýst þannig:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Í auglýsingu um starfið voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Óskað var eftir að umsækjendur skiluðu greinargerð um framtíðarsýn sína á starf í leikskólanum með umsókninni.

Þrír sóttu um leikskólastjórastöðuna. Umsækjendur eru Halldóra Sigtryggsdóttir, Júlíana S. Hilmisdóttir og Kaylene Althea Tawana Richardson.

Við ákvörðun um ráðningu var byggt á kröfum sem fram komu í auglýsingu.

Niðurstaða:

Þann 30. október 2019 gerði skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála sviðsstjóra grein fyrir niðurstöðu ráðningarteymisins. Við mat á umsókn og ráðningarviðtali var niðurstaðan að Júlíana S. Hilmisdóttir væri hæfust til að gegna stöðu leikskólastjóra í Klettaborg.

Ákvörðun sviðsstjóra er að ráða Júlíönu S. Hilmisdóttur leikskólastjóra við leikskólann Klettaborg frá 1. janúar 2020.

Júlíana útskrifaðist sem leikskólakennari frá Fósturskóla Íslands 1990 og lauk diplóma í uppeldis- og menntunarfræðum með áherslu á stjórnun menntastofnana frá Kennaraháskóla Íslands 2006. Hún hefur starfað sem deildarstjóri í 3 ár, sem aðstoðarleikskólastjóri í 4 ár og sem leikskólastjóri í 19 ár. Hún hefur einnig starfað sem leikskólaráðgjafi hjá skólaþjónustu Árborgar í eitt ár. Júlíana hefur víðtæka reynslu sem stjórnandi í leikskóla og hefur sýnt mikið frumkvæði og faglegan metnað í störfum sínum. Hún hefur verið farsæll stjórnandi, stýrt metnaðarfullu og framsæknu fagstarfi í leikskóla og hæfni hennar og stjórnunarhæfileikar er staðfest af umsagnaraðilum.